

meira inn við fjárnámið en sjálfri aðalkröfunni nemur. Að endingu skal jeg, að því er 105
snertir birtingu yfirvaldsúrskurða um framfærslueyri, benda yður á 6. gr., sbr. 4. gr. 3. nóv.
laga nr. 29, 16. desbr. 1885, sem sýna að birting úrskurðarins er nauðsynleg, þegar
gjöra á lögtak eftir honum; en það nægir, þó að birtingin síðari skiptin sje framkvæmd
að eins af öðrum stefnuvottinum eða hreppstjóra einum, og mun tilætlunin þá vera sú,
að hellingur stefnuvottagjaldsins sparist.

Samkvæmt framansögðu getur af hinum umræddu gjöldum orðið spurning um
gjald fyrir lögtak og fjárnám fyrir framfærslueyri og um gjald til stefnuvotta fyrir birt-
ingu lögtaksúrskurðar um framfærslueyri og gilda um skyldu málsparta til að greiða
gjöld þessi sömu reglur og í öðrum einkamálum, sbr. þó 28. gr. aukatekjureglugjörðar-
innar 10. sept. 1830.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 106
styrk handa sýslufjelagi til eflingar búnaði. — Eftir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, 16. nóv.
herra amtmaður, dags. 29. f. m., viðvíkjandi tillögum sýslunefndarinnar í Rangárvalla-
sýslu um það, hvernig verja skuli hluta sýslunnar í ár af fjenu til eflingar búnaði, skal
yður hjer með tilkynnt til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumanninum
í Rangárvallasýslu, að jeg samþykki hjer með þær tillögur sýslunefndarinnar, sem standa
undir 1., 2. og 6. tölulið í útskriftinni af gjörðabókinni, nefnilega 150 kr. til búnaðar-
fjeldags Hvolhrepps, 90 kr. til framskurðar á svo kallaðri Kaldárholtsmýri og 20 kr. til
vatnsveitingamanns Árna Sigurðssonar til framhalds vatnsveitingastörfum, en að jeg þar
á móti ekki sjái mjer fært að samþykkja tillögur nefndarinnar undir 3., 4., 5., 7., 8.
og 9. tölulið í útskriftinni, þar sem engin skýrsla fylgi um jarðabótarstörf þau, sem þeir
menn, er þar eru nefndir, hafi þegar unnið eða ætli sjer að vinna framvegis, enda muni
það tæplega samkvæmt tilganginum með fjárveitingu þessa að búta hana niður í smá-
skammta handa sjálfseignarbændum, og það enda sumum efnuðustu mönnum í sýslunni,
því augnamiðið með fjárveitingunni sje fyrst og fremst að styrkja þau fyrirtæki, sem að
einhverju leyti hafa almenna þýðingu. Viðvíkjandi þeim 220 kr., sem þannig standa
eftir af hluta Rangárvallasýslu af fjenu til eflingar búnaði, vænti jeg hið fyrsta að fá
tillögur sýslunefndarinnar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 107
leyfi handa amtsráði suðurstöðsins til að kaupa jörð undir búnaðarskóla. — Eftir að 19. nóv.
hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 31. f. m., og skýringar þær og
upplýsingar, sem það inniheldur, viðvíkjandi stofnun búnaðarskóla á Hvanneyri, veiti jeg
hjermeð leyfi til, samkvæmt beiðni yðar fyrir hönd amtsráðs Suðurstöðsins í þóknanlegu
brjefi 23. f. m. og með skírskotun til 56. gr. sveitarstjórnarlaganna 4. maí 1872, að tjeð
amtsráð megi kaupa jörðina Hvanneyri undir búnaðarskólafstofnun fyrir allt að 16000 kr.,
að til þeirrar stofnunar megi verja fyrst um sinn hinu árlega búnaðarskólagjaldi í Suður-
amtinu og vöxtunum af búnaðarskólasjóði amtsins, og að amtsráðið megi taka 6000 kr.
lán og setja að veði fyrir því veðskuldabryf búnaðarskólasjóðsins til þess að koma bún-
aðarskólafstofnun þessari á fót á næstkomandi vori.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar.